

Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Varðar: Umsögn vegna fyrirhugaðra breytinga á reglugerð um strandveiðar.

Hafnasamlag Norðurlands hefur tekið til umfjöllunar drög að breytingum á reglugerð um strandveiðar sem ætlað er að draga úr fjölda báta sem stunda þær veiðar. Breytingin er lögð til í tengslum við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að tryggja 48 daga til strandveiða. Ekki verður séð hvernig reglugerðin ein og sér getur tryggt 48 daga til strandveiða þegar ekkert liggur fyrir um aukinn afla sem óhjákvæmilega þarf að ráðstafa til strandveiða til að uppfylla loforð stjórnvalda. Aðeins hefur komið fram af hálfu atvinnuvegaráðherra í umræðum að undanförunu að aukningin verði tekin innan þeirrar 5,3% aflahlutdeildar sem ríkið fer með forræði yfir.

Hafnasamlagið telur afar mikilvægt að fyrirsjáanleiki ríki um ráðstafanir innan þessa kerfis og til lengri tíma í senn. Hafnasamlag Norðurlands getur því ekki stutt ráðstafanir sem auka hlut strandveiða á kostnað annarra úrræða innan 5,3% kerfisins, einkum og sér í lagi í ljósi mikilvægis byggðakvóta fyrir brothættar byggðir. Byggðakvótinn hefur jákvæð áhrif þar sem hans nýtur við og stuðlar að stöðugri atvinnu og fjölbreyttu lífi í sjávarbyggðum allan ársins hring, til að mynda í Grímsey. Þannig stuðlar byggðakvótinn að aukinni verðmætasköpun í landvinnslu og útsvarstekjum til sveitarfélaga. Strandveiðar eru einungis stundaðar yfir sumartímamann og stuðla í flestum tilfellum ekki að fjölgum íbúa í brothættum byggðum allt árið um kring. Á þetta ekki síður við þegar stór hluti strandveiðisjómanna á ekki lögheimili í því sveitarfélagi sem róið er út frá. Þá er stór hluti strandveiðiafla fluttur til vinnslu erlendis og greiningar sýna einnig að launahlutfall sé töluvert lægra í strandveiðum en öðrum veiðum, sem skilar sér í minni útsvarstekjum til sveitarfélaga.

Í höfnum Hafnasamlagsins reiðir fjöldi manns sig á störf í sjávarútvegi og afleiddum greinum og því er brýnt að allar breytingar á strandveiðikerfinu taki mið af því að vernda þessi störf og tryggja áframhaldandi atvinnustarfsemi á svæðinu.

Hafnasamlag Norðurlands er því ekki fylgjandi því að aukið verði við strandveiðar heldur verði frekar lögð áhersla á að fiskveiðar og afleidd áhrif þeirra verði eftir í sjávarbyggðum. Á því hefur orðið misbrestur með auknu vægi strandveiða. Að því leyti getur Hafnasamlagið tekið undir umsagnir varðandi þetta mál frá bæði Ísafjarðarbæ og sveitarfélaginu Skagafirði sem hafa verið birtar í samráðsgátt stjórnvalda.

Akureyri 20. mars 2025

Stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs.